

Erfðabreytileiki beykiættarinnar (Fagaceae) í Norður-Thailandi

**Ploenpit Chokchaichamnankit^{1,2}, Warawut Chulalaksananukul²,
Chamlong Phengklai³, Kesara Anamthawat-Jónsson¹**

¹ Líffræðistofnun, Háskóli Íslands, Askja, Sturlugata 7, 101 Reykjavík

² Botany Department, Chulalongkorn University, Phayathai Rd, Bangkok 10330, Thailand

³ The Royal Institute of Thailand, The Academy of Sciences, Bangkok 10200, Thailand
kesara@hi.is

Þrjár ættkvíslir beykiættarinnar (Fagaceae), *Castanopsis* (kastanía), *Lithocarpus* (steineik) og *Quercus* (eik), er að finna í Norður-Thailandi þar sem tegundafjölbreytni er mikil. Chingmai héraðið (18.5 N/98.6 E) varð fyrir valinu í þessari rannsókn því þar finnast einstaklingar innan beykiættarinnar í mismunandi skógargerðum og búsvæðum. Valin voru af handahófi 146 tré, sem tilheyra 30 tegundum skv. útliti laufblaða, aldina og blóma, og þau tegunda- og arfgerðagreind. Af þeim voru tólf tegundir af *Castanopsis* (chestnuts) þar sem *C. acuminatissima* var algengust og helst að finna í sígrænum fjallshlíðum. Ellefu tegundir tilheyrðu *Quercus* (oaks) og af þeim var *Q. kerrii* algengust, aðallega í sumargrænum láglendis-skógum. Sjö tegundir af *Lithocarpus* (stone oaks) voru greindar en þær fundust í öllum skógargerðum. Erfðabreytileiki var annars vegar greindur með skerðibútagreiningu (restriction fragment length polymorphism, RFLP) á ríbósómgenum og hins vegar með mögnunaraðferð (inter-simple sequence repeats, ISSR). Skyldleikatré 52 trjáa, sem byggði á fyrri aðferðinni, sýndi fram á náinn skyldleika innan hverrar ættkvíslar. Breytileiki tegundanna skaraðist hins vegar innan skóglenda en það bendir til genaflæðis. Skyldleikatré 76 trjáa, sem byggir á seinni aðferðinni, sýndi skýran aðskilnað ættkvísla og hópun tegunda innan hverrar ættkvíslar. Þekking á erfðabreytileika helstu trjátegunda Norður-Thailands mun skipta sköpum við varðveislu regnskóga svæðisins.